

Ed.

474. Breytingartillaga

[165. mál]

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu pósts og síma.

Frá Stefáni Jónssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

1. gr. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs, á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, sjö menn í stjórn póst- og símamálastofnunarinnar og aðra sjö til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi hinna kjörnu aðalmanna. Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna. Stjórn stofnunarinnar skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi stofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti hinnar þingkjörnu stjórnar.